

Stjórnarfundur

Fundargerð fimmtudaginn 5 febrúar 2025

Mættir á skrifstofu félagsins: Árni Sverrisson, og Páll Ægir Pétursson

Á fjarfundi: Pálmi Gauti Hjörleifsson, Kristinn Hólm, Vignir Traustason og Friðrik Höskuldsson, Jón Frímann Heimir Karlsson, Tryggvi Eiríksson.

Formaður (ÁS) bauð alla velkomna og setti fundinn kl. 12:30.

Dagskrá

1. Ósk Vísis á Suðurnesjum um að sameinast Félagi skipstjórnarmanna.

ÁS fór yfir málið og sagði að það hefði verið samþykkt á aðalfundi Vísis þann 29. desember 2024, að fela formanni að ganga til samninga við Félag skipstjórnarmanna um að sameina félögin.

Félagsmenn í Vísi eru 160, þar af eru 60 starfandi. Samþykkt var á stjórnarfundum FS þann 9. janúar sl. að ÁS hefði umboð stjórnar til að ræða við stjórn Vísis. ÁS hefur átt í samskiptum við formann Vísis Jóhannes Jóhannesson, og í framhaldi átti ÁS fund með mönnum úr stjórn Vísis þeim Jóhannesi Jóhannessyni, Sæmundi Halldórssyni og Jóhanni Inga Grétarssyni auk Sigurðar Jónssonar skipstjóra, þar sem farið var yfir fyrirhugaða sameiningu, hvernig standa bæri að kynningu og atkvæðagreiðslu um sameininguna. Ákveðið að ÁS myndi semja kynningarbréf ásamt Jóhannesi sem myndi senda Vísis félögum bréfið í febrúar og atkvæðagreiðsla fer síðan fram meðal Vísis félaga dagana 10 til 24 mars. Verði sameining samþykkt í Vísi verður tillaga um sameiningu lögð fyrir aðalfund FS þann 30. maí nk. Samþykki aðalfundur FS sameininguna, munu Vísis menn, verða félagar í FS frá 1. júní nk. með þeim réttindum sem þeir hafa í Vísi.

Fomaður fór yfir eignir Vísis sem er íbúð á Akureyri, sumarhúsið í Brekkuskógi og inneign í banka. Upplýsingar um málið verða settar á heimasíðu félagsins.

2. Íbúðamál.

Bárður Tryggvason fasteignasali á fasteignasölnunni Gimli mætti á fundinn en hann og ÁS skoðuðu íbúðir í nýbyggingu á Heklureitnum. Þeir tóku frá 4 íbúðir í húsinu án skuldbindingar. Íbúðirnar verða tilbúnar í september nk. Íbúðirnar eru frá 83,7 m² til 112,3 m². og allar með bílastæði í bílastæðahúsi nema ein en bílastæði kostar um 10 – 11 milljónir fyrir þá íbúð. Íbúðirnar eru allar 3ja herbergja með tveimur svefnherbergjum og voru fundarmenn nokkuð skeptískir á það. Samþykkt að ÁS og Bárður kanni möguleika á einni fjögurra herbergja íbúð og skoði möguleika á því að kaupa íbúðir annars staðar.

3. Önnur mál

ÁS sagði í stuttu máli frá Nordisk vetrarfundinum í Haugasundi sem haldinn var nýlega.

Einnig sagði ÁS frá því að hann hefði sótt fund á Akureyri sem haldinn var af Samherja fyrir fulltrúa stéttarfélaga og aðra hagsmunaaðila, bæjarstjórum á Akureyri, Dalvík og fl. Til fundarins var boðað vegna áforma stjórnvalda um að auka strandveiðar. Það er óásættanlegt að auknar heimildir til strandveiða verði teknar úr aflamarkskerfinu og ljóst að félagsmenn okkar munu verða af verulegum tekjum. Nokkur umræða skapaðist um málið, skoðanir skiptar, en fundarmenn almennt sammála þessum rökum.

ÁS sagði frá því að hann og Jóna Brynja Birkisdóttir hefðu átt fund með Hönnu Katrínu Friðriksson atvinnuráðherra. Á fundinum var farið yfir ýmis hagsmunamál félagsins er varða Verðlagsstofu skiptaverðs, fyrirhugaða aukningu stjórnvalda til strandveiða, nauðsyn áframhaldandi hvalveiða og fleiri mál.

ÁS ásamt Páli Ægi átti fund með samgönguráðherra í gær m.a. um alþjóðlega skipaskrá, fagræð um siglingar, menntun sjómanna og fl. Samgönguráðherra er áhugmaður um þessi málefni og tók þeim

félögum vel. Honum rennur blóðið til skyldunnar varðandi menntun sjómanna sem sonur fv. skólameistara Stýrimannaskólans í Reykjavík sáluga en við eigum líka hauk í horni þar sem Eyjólfur er varðandi hin málefnið sem nefnd voru. Ráðherra hefur áhuga á að afla sér meiri upplýsinga um íslenska alþjóðlega skipaskrá og jafnvel kalla til sín á fund fulltrú ASÍ, en þau félagasamtök hafa beitt sér hvað harðast gegn íslenskri skipaskrá með nokkuð óskiljanlegum hætti í gegnum tíðina, nú síðast árið 2020 þegar málefnið komst á dagskrá fv. ríkisstjórnar. Sú ríkisstjórn heykist á málinu og það fór enn og aftur í dvala en við hjá FS höfum þó haldið því gangandi innan okkar raða og minnt regluleg á það.

Við áttum einnig fund í morgun með fulltrúa Landhelgisgæslunnar en það er von okkar að við getum klárað samningaviðræður bráðlega en samt sem áður þarf að útkljá nokkur atriði áður en skrifað verður undir miðlægan kjarasamning við samninganefnd ríkisins

ÁS las bréf frá Guðbjörgu Rist sem er með í bígerð heimildarþætti um sjómenn á Íslandi. Beiðni um styrk vegna þáttagerðarinnar hefur borist félaginu og kynnti hann fundarmönnum innihald bréfsins. ÁS lagði til að málið fái að þroskast og að hann verði í sambandi við formenn hinna stéttarfélaganna og SFS, hvað þau hygðust gera varðandi sams konar styrkbeiðni. Fundarmenn höfðu takmarkaðan áhuga á að styrkja þetta málefni vegna þess að efnistök sjónvarpsþátta um sjómenn hafa hingað til ekki sýnt störf þeirra í réttu ljósi, en eru sammála um að skoða þetta nánar.

ÁS sagði frá bréfi sem honum barst frá matvælaráðuneytinu þar sem félaginu er boðið að koma sjónarmiðum þess á framfæri við starfshóp sem á að rýna og skila skýrslu um lagaumgjörð og stjórnsýslu hvalveiða. Markmið skýrslunnar á að vera grundvöllur að framtíðarstefnumótun á málefnasviði hvalveiða svo að efla megi faglegan grundvöll ákvarðanatöku og stuðla að bættri stjórnsýslu málaflokksins til framtíðar. ÁS mun svara þessu bréfi fyrir hönd félagsins. Nokkur umræða skapaðist á fundinum um aðferðir við aflifun hvala. ÁS sagði frá búnaði sem kominn er í skip Hvals hf, búnaður þessi leiðir rafmagn í skutulinn sem hæfir dýrið og drepur það samstundis í flestum tilfellum. Ekki hefur fengist leyfi á Íslandi til þess að prófa notkun þessa búnaðar, en vonir standa til þess að í framtíðinni verði hægt að hætta notkun sprengiskutuls, rafmagn verði eingöngu notað til að aflífa hvali.

Pálmi Gauti benti á viðtal við framkvæmdastjóra Sjómannasambands Íslands inn á 200 mílum í mbl.is varðandi strandveiðar en það viðtal styður málflutning Félagsins skipstjórnarmanna. Þar segir m.a. „ Framkvæmdastjórn Sjómannasambands Íslands (SSÍ) kveðst í ályktun mótmæla aukningu aflaheimilda til strandveiða ef þær verða teknar af öðrum útgerðum og harmar að eigendur strandveiðibáta auglýsi eftir sjómönnum til að sinna veiðum fyrir sig“. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum undanfarið, þá getur Félag skipstjórnarmanna ekki annað en staðið gegn aukningu á kvóta eða fjölgun daga til strandveiða. Strandveiðar verða að sitja við sama borð og aðrar veiðar og það er því óásættanlegt að taka meiri veiðiheimildir af öðrum og flytja til strandveiðisjómannna.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:07


Árni Sverrisson formaður


Páll Ægir Pétursson fundarritari